

Mat
á leikskólanum Krílakoti

1998
Guðrún Alda Harðardóttir

Efnisyfirlit

1. Mat á starfi leikskólans Krílakoti	3
Skilgreining á verkefninu	3
Leikskólinn Krílakot	3
Stærð deilda	3
Dvalartími barna	4
Próunarverkefni	4
Framkvæmd á verkefninu	4
2. Aðstaða í leikskólanum	6
Húsnæði	6
Útileiksvæði	7
Leikföng	8
Starfsfólk	8
3. Stjórnun leikskólans	10
4. Námsþættir í leikskólastarfinu	12
Tyllidagar	12
Þemu	12
5. Börnin og námið í leikskólanum	13
6. Samskipti innan leikskólans	17
7. Samskipti og samstarf við umhverfi leikskólans	18
8. Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins	19
9. Umbætur	19
Niðurstöður	20
Aðstaða í leikskólanum	20
Húsnæði	20
Útileiksvæði	20
Leikföng	20
Starfsfólk	20
Stjórnun leikskólans	20
Námsþættir í leikskólastarfinu	21
Samskipti innan leikskólans	21
Samskipti og samstarf við umhverfi leikskólans	21
Viðhorf foreldra	21
Umbætur	21
Heimildir	22

Fylgiskjal nr. 1 Könnun meðal starfsfólks í leikskólanum Krílakoti.

Fylgiskjal nr. 2 Könnun meðal foreldra barna í leikskólanum Krílakoti.

1. Mat á starfi leikskólans Krílakoti

Skilgreining á verkefningu

Menntamálaráðuneytið hefur farið þess á leit við Guðrúnu Öldu Harðardóttur leikskólakennara og brautarstjóra leikskólabrautar kennaradeildar Háskólans á Akureyri að gera úttekt á leikskólanum Krílakoti á Dalvík. Í úttektinni er ætlunin að leggja mat á það hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og uppeldisáætlun fyrir leikskóla.

Úttektin beinist sérstaklega að eftirtöldum þáttum:

- Aðstöðu í leikskólanum.
- Stjórnun leikskólans, rekstri hans og sérstöðu.
- Námsþáttum í leikskólastarfinu. Námskrá/uppeldisáætlun.
- Börnunum í leikskólanum.
- Samskiptum innan leikskólans, samstarfi og starfsanda.
- Samskiptum og samstarfi við umhverfi leikskólans, þ.m.t. foreldra.
- Viðhorfi foreldra til leikskólastarfsins.
- Umbótastörfum/þróunarverkefni.

Leikskólinn Krílakot

Leikskólinn Krílakot er rekinn af Dalvíkurbyggð. Dalvík er við mynni Svarfaðardals, við utanverðan Eyjafjörð. Leikskólinn var tekinn í notkun í ágúst 1980. Áður var búið að reka leikskóla á Dalvík í nokkur ár sem var fyrst til húsa í „Gamla skólanum“ og síðan í Skátahúsinu. Sá hluti sem nú eru deildir og fataherbergi var tekinn í notkun 1980, en salur og starfsmannaálma var byggð síðar og tekin í notkun 1987. Í námskrá leikskólans kemur fram að uppeldisstarfið þar hefur verið í sífelldri þróun frá 1989 til þessa dags.

Stærð deilda

Í leikskólanum eru 64 börn (94 barngildi). Börnin eru á aldrinum 1 - 6 ára og eru á 2 deildum sem bera nafnið Skýjaborg og Skakkaland. Á Skýjaborg eru 30 börn (47 barngildi) á aldrinum 1 - 6 ára og á Skakkalandi eru 34 börn (47 barngildi) á aldrinum 3 - 6 ára.

Dvalartími barna

Leikskólinn býður upp á sveigjanlega vistun. Foreldrar geta óskað eftir 4 - 8,5 klst. leikskólagöngu á dag fyrir barn sitt.

Þróunarverkefni

Eins og fram hefur komið hefur starf á Kríflakoti verið í sífelldri þróun:

- ✓ Í námskrá leikskólans má sjá að markmið og reglur um uppeldisstarf leikskólans hafa þróast með tímanum.
- ✓ Í námskránni kemur einnig fram þróun á starfsmanna- og foreldrasamtölum.
- ✓ Í námskránni er skýrt frá hvernig áætlun um brunavarnir hefur þróast og hvernig skuli bregðast við ef eldur kviknar.
- ✓ Þá má nefna neyðaráætlun vegna óveðurs sem gerð hefur verið í samráði við almannavarnanefnd.
- ✓ Frá 1995 hefur farið fram skipulögð skráning slysa sem hafa orðið í leikskólanum. Í námskránni er gerð grein fyrir hvernig standa skuli að skráningu slysa.

Framkvæmd á verkefninu

Mat það sem nú fer fram er ytra mat, þar sem utanaðkomandi aðili er fenginn til að vinna matið. Matsaðili styðst við gögn sem unnin hafa verið af starfsfólki leikskólans, gögn sem leikskólastjórar afhentu honum í upphafi verkefnis.

Matsaðili leitast við að meta að hve miklu leyti er starfað samkvæmt yfirlýstum markmiðum í lögum og reglugerð. Einnig að hve miklu leyti starfið samræmist Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, sem er námsskrá íslenskra leikskóla. Einnig er leitast við að meta að hve miklu leiti starfið samræmist þeirri námskrá sem leikskólinn hefur sett sér.

Matið fór fram frá byrjun október til loka desember 1998. Þann 7. október hafði matsaðili samband við leikskólann og óskaði eftir ýmsum gögnum. Halla Steingrímsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir starfandi leikskólastjórar í fjarveru leikskólastjórans Svandísar Hannesdóttur, afhentu þau gögn sem óskað var eftir. Meðal þessara gagna eru:

- ✓ Námskrá leikskólans sem gefin var út 1997.
- ✓ Ársskýrslur frá 1991 til 1997.

- ✓ Könnun á heildarþörf fyrir leikskóla á Dalvík 1996.
- ✓ Fréttabréf frá 1990-1998.
- ✓ Um hópastarf 1993-1998.
- ✓ Um sumarverkefni 1995-1998.
- ✓ Eyðublöð o.fl.

Í byrjun nóvember lagði matsaðili spurningalista fyrir allt starfsfólk leikskólans. Spurningalistinn var hafður líkur þeim lista sem áður hefur verið notaður við mat á leikskólastarfi á vegum menntamálaráðuneytis og unninn var af Kristínu Karlsdóttur leikskólakennara og kennara við leikskólaskor Kennaraháskóla Íslands. Þó gerði matsaðili nokkrar aðstæðubundnar breytingar á listanum. Spurningalistinn samanstóð af 39 spurningum, 34 voru hafðar lokaðar, þar sem svarandi gat valið á milli svarmöguleika sem voru fyrirfram skilgreindir. Til dæmis; mjög góð, góð, veit ekki, slæm, mjög slæm. Fimm spurningar voru hafðar opnar, þar gafst svaranda möguleiki á að svara frjálst (fylgiskjal nr.1). Alls svöruðu 13 (87%) starfsmenn spurningalistunum, þar af var einn sem ekki starfar með börnunum.

Í byrjun desember var spurningalisti lagður fyrir foreldra barna í leikskólanum. Spurningalistinn samanstóð af 10 spurningum, 7 voru hafðar lokaðar og þrjár hálf opnar, þar sem svaranda var að hluta gefinn kostur á að svara frjálst (fylgiskjal nr.2). Alls svöruðu 24 (38%) foreldrar spurningalistunum.

Matsaðili fór tvisvar á vettvang og dvaldi í einn dag í leikskólanum, gerði athuganir á uppeldisstarfinu þar og tók viðtöl við börn. Við athuganir og viðtöl var notuð uppeldisfræðileg skráningaraðferð sem felur í sér *skráningu og athugun* á orðum og gjörðum barns og samspili milli barna og milli barna og fullorðinna.

Leikskólastjórinn var í barneignarleyfi á þeim tíma sem matið fór fram. Í lok verkefnisins tók matsaðili viðtal við starfandi leikskólastjóra Krílakots. Í þessu mati er stuðst við gögn frá leikskólanum og námskrá leikskólans ásamt niðurstöðum úr viðtölum, athugunum og spurningakönnunum.

Niðurstöður eru flokkaðar og skráðar í samræmi við flokkun efnispáttta í erindisbréfi ráðuneytis menntamála vegna þessa verkefnis. Í skýrslunni hefur öllum nöfnum verið breytt.

2. Aðstaða í leikskólanum

Húsnæði

Í II kafla 3. gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 stendur: „Við hönnun húsnæðis skal gert ráð fyrir: Leikstofum, aðstöðu barna til hvíldar og hreyfileikja; snyrtiaðstöðu fyrir börn, fataherbergi með þurrkaðstöðu; geymslum, þ.m.t. geymslu fyrir útiáhöld og vagna þar sem starfsemin gefur tilefni til, skrifstofu leikskólastjóra, viðtalsherbergi, sameiginlegu rými til funda foreldra og starfsfólks, aðstöðu til undirbúningsvinnu starfsmanna; matar- og hreinlætisaðstöðu starfsfólks; eldhúsi, matvælageymslum og ræstiherbergi.”

Á hverri deild eru tvær leikstofur önnur stofan er einnig notuð til hvíldar fyrir börnin. Snyrtiaðstaða er rúmgóð (8,5 m²) og er notuð fyrir báðar deildir. Einnig er sameiginleg notkun á listaherbergi (8,4 m²). Breytingar hafa verið gerðar á húsnæði deildanna á þann hátt að snyrtiaðstöðu annarrar deildar var breytt í listaherbergi og sameiginleg not höfð af einni snyrtiaðstöðu. Þessi breyting var gerð að ósk starfsmanna til að bæta aðstöðu uppeldisstarfsins. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að þeir telja þessar breytingar hafi komið vel út, húsnæði nýtist mun betur nú en áður.

Í spurningalistakönnun sem matsaðili gerði meðal starfsmanna kom fram að margir eru (8) ánægðir með vinnuaðstöðu á deildum en telja hins vegar vanta vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn svo sem viðtalsherbergi og aðstöðu til undirbúningsvinnu starfsmanna. Í leikskólanum er aðeins eitt lítið herbergi (7,5 m²) sem er notað sem: viðtalsherbergi, sameiginlegt rými til funda foreldra og starfsfólks, aðstaða til undirbúningsvinnu starfsmanna (undirbúningstímar eru teknir innan vinnutíma starfsmanna) og kaffistofa starfsfólks. Í viðtali við leikskólastjórana kom enn fremur fram að oft verður að nota herbergið sem hvíldaraðstöðu fyrir börnin. Í gögnum má sjá að starfsmenn hafa lagt fram ósk til rekstararaðila um breytingar innanhúss sem miða að bættri aðstöðu starfsfólks og lagt fram tillögu þar um. Þegar foreldrar voru spurðir hvað þeim þættu veikustu hliðar leikskólans vera, nefndu nokkrir lítið húsnæði. Ljóst má vera að 3. gr. reglugerðar er ekki framfylgt varðandi vinnuaðstöðu starfsmanna.

Í leikskólanum er 34 m² sameiginlegur salur fyrir báðar deildir. Salurinn er í mikilli notkun í daglegu starfi, hann er einnig notaður fyrir foreldrafundi, jólaböll, afmælisveislur og ýmsar uppákomur í

leikskólanum. Lítil geymsla er í salnum þar sem áhöld eru geymd fyrir leikfimi o.fl.

Eitt fataherbergi (8,5 m²) er fyrir hverja deild. Slæm þurrkaðstaða er þar, um er að ræða hitarör sem hægt er að hengja blautan fatnað á, en hann þornar seint og illa.

Engar geymslur eru inni á deildum leikskólans. Í salnum er geymsla og einnig á háalofti þar sem bækur, púsl, spil o.fl. eru geymd. Geymsla er fyrir útiáhöld en ekki fyrir vagna, en vagnaskýli er úti.

Lítið (5 m²) eldhús er fyrir miðju húsi þar er einn starfsmaður í 50% starfi. Morgunverð snæða 35 börn, hádegisverð 19 og síðdegishressingu 39 börn, auk starfsmanna. Í eldhúsinu er lítið vinnurými, lítil matvælageymsla, engin köld geymsla og þar vantar tækjabúnað til dæmis hrærivél svo eitthvað sé nefnt.

Ágætt ræstiherbergi er til staðar.

Í II. kafla, 2. gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „*Húsnæði leikskóla skal miðað við 7,0 fermetra brúttó fyrir hvert barn...*“ ennfremur stendur í sömu grein: „*þar af verði nettó leik- og kennslurými a.m.k. 3,0 fermetrar fyrir hvert barn.*“

Heildarfermetrafjöldi leikskólans er 304 m² og þar dvelja nú 35 börn fyrir hádegi og 39 börn eftir hádegi. Fyrir hádegi eru því 8,7 m² - og eftir hádegi 7,8 m² á hvert barn brúttó. Heildarfermetrafjöldi hússins er því vel það sem reglugerðin segir til um lágmarksrými.

Leikstofur og salur eru samanlagt 121 m², nettó leik- og kennslurými er því 3 m² á hvert barn sem er í samræmi við það sem reglugerð segir til um.

Í II kafla 3. gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „*gert skal ráð fyrir aðgengi og aðstöðu fyrir fötluð börn og börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk sem vinnur með þeim börnum.*“

Í leikskólanum er engin sér vinnuaðstaða fyrir starfsfólk sem vinnur með fötluðum börnum. Því er 3. gr. Reglugerðar ekki framfylgt.

Útileiksvæði

Í II. kafla, 5. gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „*Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri*

leikskóla skal miðað við a.m.k. 30-40 fermetra fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 fermetrar fyrir hvert barn. Leiksvæði skal hannað með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leikaðstöðu og umhirda þess sé auðveld.“

Heildarfermetrafjöldi útileiksvæðis er 2.200 m², sem er 56 m² fyrir hvert barn. Stærð lóðar er því mun rýmri en reglugerðin segir til um. Í könnun meðal starfsmanna kom fram að margir (7) starfsmenn telja lóðina vera nokkuð góða, þó töldu nokkrir (3) hana vera frekar slæma. Í spurningalistakönnun sem matsaðili gerði meðal foreldra kom fram að flestir telja lóðina vera viðunandi (10) eða nokkuð góða (10). Að mati leikskólastjóra nýtist lóðin ekki mjög vel, þeir benda á að á lóðinni eru blind svæði, þeir telja að starfsfólk þurfi að vera duglegt við að dreifa sér um svæðið. Lóðin var tekin út af Slysavarnarfélagi Ísland árið 1994 og hafa endurbætur verið gerðar á henni samkvæmt athugasemdum sem fram komu við úttektina.

Leikföng

Í II kafla, 4. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „Við val á búnaði fyrir börn í leikskóla skal taka mið af aldri og þörfum leikskólakennara. Til búnaðar teljast m.a. innanstokksmunir, leiktæki, ýmis áhöld sem börn nota í leik og starfi, hljómflutningstæki og nýsitæki.“

Að mati leikskólastjóra er leikskólinn þokkalega búinn af tækjakosti. Fram kom að foreldrafélag leikskólans hefur að jafnaði gefið leikskólanum eitt tæki á ári. Í könnun meðal starfsmanna eru flestir (10) ánægðir með kennslubúnað, tæki og gögn í leikskólanum. Matsaðili telur leikfangakost vera viðunandi en að efniviður mætti vera fjölbreyttari og aðgengilegri fyrir börnin.

Starfsfólk

Í V. kafla, 12 gr. laga um leikskóla stendur: „Leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barna skal hafa menntun leikskólakennara. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög þessi. Leikskólastjóri skal árlega gera rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskóla.“

Leikskólastjóri svo og starfandi leikskólastjórar hafa menntun leikskólakennara. Í könnun meðal starfsmanna kom fram að 4 af 14 (29%) starfsmönnum leikskólans sem vinna með börnum eru leikskólakennarar. Í gögnum frá leikskólanum kemur fram að einn

starfsmaður er grunnskólakennari og má því segja að 32% starfsmanna eru með uppeldismenntun. 12. gr. laga um leikskóla er því ekki fullnægt.

Í könnun meðal starfsmanna kom fram að miklar starfsmannabreytingar hafa átt sér stað í leikskólanum síðastliðin ár. Átta af þeim þrettán sem svöruðu hafa aðeins starfað tvö ár eða skemur í leikskólanum og fimm af þeim hafa aðeins starfað í eitt ár eða skemur. Örar starfamannabreytingar og lágt hlutfall leikskólakennara gerir að verkum að ekki er hægt að vinna að jafn faglegu starfi og ella. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að þeir hafa þurft að „skera niður“ á ýmsum þáttum starfsins vegna þessa. Einnig kom fram í könnun meðal foreldra að þeir telja tíð starfsmannaskipti vera eina veikustu hlið leikskólastarfsins.

Fæstir starfsmenn leikskólans eru í fullu starfi (100%). Á annarri deildinni er enginn starfsmaður sem starfar allan daginn, á hinni er einn í fullu starfi. Börn sem eru í fimm, sex eða átta tíma hafa því ekki sömu starfsmenn allan daginn. Í könnuninni meðal foreldra kom fram að þeir telja að það þurfi að vera betri tengsl á milli starfsmanna fyrir hádegi og eftir hádegi.

Í gögnum frá leikskólanum kemur skýrt fram að gerðar eru áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög um leikskóla og uppeldisáætlun. Gerðar eru áætlanir fyrir vetrarstarfið í heild svo og sumarstarfið og enn fremur mánaðarskrár þar sem áætlanir koma fram fyrir hvern mánuð. Einnig eru gerðar áætlanir fyrir hópastarf.

Leikskólastjóri hefur ekki gert rekstraraðila grein fyrir starfsemi leikskólans síðastliðið ár.

Í III. kafla, 6. gr. reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „Fyrir hvert stöðugildi leikskólakennara skulu vera 8 barngildi. Þessu til viðbótar koma störf leikskólastjóra, störf vegna sérstaks stuðnings, afleysinga og ræstinga og störf í eldhúsi.....“

Í 7. gr. stendur einnig: „Barngildi leikskólabarna reiknast þannig:
5 ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.
4ra ára barn reiknast sem 1,0 barngildi.
3ja ára barn reiknast sem 1,3 barngildi.
2ja ára barn reiknast sem 1,6 barngildi.
Eins árs barn eða yngri reiknast sem 2,0 barngildi.“

Á hverri deild eru að meðaltali tæplega átta barngildi fyrir hvert stöðugildi. Leikskólinn uppfyllir því lagaákvæði um fjölda starfsmanna fyrir hvert barn.

3. Stjórnun leikskólans

Í IV. kafla, 11. gr. laga um leikskóla stendur „Í sveitarfélögum skulu að jafnaði starfa leikskólafulltrúar sem eru starfsmenn sveitarfélaga. Leiksskólafulltrúi skal í umboði leikskólanefndar og í samvinnu við leikskólastjóra sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi í leikskólum innan sveitarfélagsins og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis.“

Leikskólinn er rekinn af Dalvíkurbyggð, enginn leikskólafulltrúi er starfandi þar. Þegar matsaðili gerði mat á leikskólanum var enginn í starfi skóla- og menningarfulltrúa sem er yfirmaður fræðslu og menningarsviðs, en leikskólamál heyra undir það svið. Samkvæmt starfslýsingu skóla- og menningarfulltrúa skal hann meðal annars hafa eftirlit með að leikskólar á vegum sveitarfélagsins uppfylli þær gæðakröfur sem til hans eru gerðar. Hann skal annast gerð ársskýrslu um starfsemi leikskóla svo og stuðla að samræmdu starfi milli skólastiga þannig að þau myndi samfellda heild. Á meðan enginn gegnir þessari stöðu þá er 11. gr. laga um leikskóla ekki framfylgt.

Í VI. kafla, 15. gr. laga um leikskóla stendur: „réttur barna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar vegna fötlunar.“ Í 20.gr. Reglugerðar um starfsemi leikskóla stendur: „Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri leikskóla eða hafa heimilað rekstur leikskóla, er skylt að sjá leikskólum fyrir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 78/1994“.

Enginn leikskólaráðgjafi er starfandi hjá sveitarfélaginu. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að leikskólinn fær ekki reglubundna ráðgjöf, sækja þarf ráðgjöf til Akureyrar eða félagsmálastjóra. Talmeinafræðing og aðra þjónustu þarf að kaupa að. Við leikskólann er teymi/faghópur sem samanstendur af; leikskólastjóra, félagsmálastjóra, leikskólakennara og foreldrum þess barns sem málið varðar. Megin verkefni þess er að fjalla um og meta þörf á sérstuðningi við einstök börn. Því er 20. gr. reglugerðar ekki fyllilega fullnægt.

Í IV. kafla, 9. gr. laga um leikskóla stendur: „Leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Einn

fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.“

Hjá Dalvíkurbyggð er engin leikskólanefnd, fræðsluráð fer með málefni leikskóla. Foreldrar svo og starfsmenn eiga einn fulltrúa hvor í fræðsluráðinu.

Í 10. gr. stendur: *„Sveitarstjórn/skólaskrifstofur skulu stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla og vera samstarfsvettvangur þeirra í viðkomandi sveitarfélagi.*“

Á Dalvík er einn grunnskóli. Að sögn leikskólastjóra hefur starfsfólk leikskólans kallað á aukið samstarf við grunnskólann í nokkur ár, en fengið lítil sem engin viðbrögð. Leikskólastjórunum verður hér gefið orðið.

Við erum með útskriftarpappíra sem foreldrar fá þegar barnið hættir, þeir eru ekki afhentir grunnskólanum en við höfum kallað eftir hvaða upplýsingar þeir vilja fá en við höfum ekki fengið neitt svar.

Samkvæmt starfslýsingu skóla- og menningarfulltrúa skal hann stuðla að samræmdu starfi milli skólastiga þannig að þau myndi samfellda heild. Á meðan enginn gegnir þeirri stöðu þá er 10. gr. laga um leikskóla ekki framfylgt.

Í V. kafla, 13. gr. laga um leikskóla stendur: *„Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.*“

Í ársskýrslum kemur fram að leikskólastjóri hefur reglubundið haldið fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans. Verður nánar gerð grein fyrir þeim síðar í skýrslunni.

Í V. kafla, 12. gr. laga um leikskóla segir: *„Leikskólastjóri ber ábyrgð á að gera áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög*“
Og í 14. gr. stendur: *„Leikskólastjóri stuðli að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans.*“

Í gögnum frá leikskólanum kemur skýrt fram að gerðar hafa verið áætlanir um uppeldisstarf leikskólans í samræmi við lög. Í könnun meðal foreldra kom fram að 89% foreldranna segjast þekkja innihald námsskráar Krílakots nokkuð vel.

4. Námsþættir í leikskólastarfinu

Á vegum leikskólans hefur verið gefin út námskrá (Guðbjörg Vésteinsdóttir 1997). Í námskránni er fjallað um innra starf, ársáætlun, foreldrasamstarf, þróunarstarf og gæðamat leikskólans. Matsaðili telur námskrána vera skýra og aðgengilega, hana mætti þó styrkja með hugmyndafræðilegum stoðum. Í könnun meðal starfsmanna kom fram að námskráin er sjaldan lesin af starfsmönnum, flestir (10) segjast fletta henni 0-2 sinnum í mánuði. Í könnun meðal foreldra sögðust 89% foreldranna þekkja innihald námskrárinnar nokkuð vel.

Samkvæmt námskrá leikskólans hefur uppeldisstarfinu verið skipt í sumar- og vetrarstarf. Vetrarstarfið hefst um miðjan september og lýkur um miðjan apríl. Sumarstarfið hefst í byrjun maí og lýkur 1. september. Yfir sumartímam er áhersla lögð á útveru og skipulag er lausbundnara en á veturna, farið er í vettvangsferðir o.fl. Á veturna er áhersla lögð á vinnu innandyra m.a. val og hópastarf.

Tyllidagar

Starfsfólk, börn og foreldrar gera sér oft dagamun, innan leikskólans bera þeir dagar samheitið „tyllidagar“. Má þar nefna:

- Grillveislu - þá býður foreldrafélagið til veislu.
- Afmæli leikskólans.
- Þorrablót.
- Opið hús að vori þar sem sýndur er afrakstur af vetrarstarfinu.
- Öskudagur og Bolludagur.
- Jólatréskemmtun og kirkjuheimsókn.
- Vetrarleikar - á hverjum vetri eru haldnir vetrarleikar, þá eru gerðar brautir í brekkunni við kirkjuna, snjótroðari fengin til að troða brekkuna. Gerðar eru þrjár brautir mis erfiðar, ein fyrir elstu börnin sem geta verið á stýrissleða, léttari braut fyrir snjóbotur og svo minnsta brautin sem er höfð mjög einföld. Í lokin er sameiginleg stund í safnaðarheimilinu þar sem boðið er upp á kakó og kringlu og öllum þátttakendum afhentir verðlaunapeningar.

Þemu

Á Krílakoti hefur síðastliðin ár verið unnið með þemu yfir veturinn.

- ✓ 1995-1996 var unnið með „vináttu - tillitsemi - umhyggju - kurteisi - samvinnu“.
- ✓ 1996-1997 var unnið með „steina, álfa og tröll“.
- ✓ 1997-1998 var unnið með „tónlist“.
- ✓ 1998-1999 er unnið með „hreyfingu og tónlist“.

Í leikskólanum er námsþáttum fléttað saman svo sem ljóðagerð, sögugerð, myndmennt, hljóðfæragerð, hreyfingu, söng, tjáningu, líkamsvitund, málörvun, hlustun, svo eitthvað sé nefnt. Þessir þættir eru sambærilegir þeim hluta uppeldis- og námssviða í leikskólastarfi sem nefndur er í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla.

5. Börnin og námið í leikskólanum

Í námsskrá leikskólans (9:1997) kemur fram að þar er lögð áhersla á:

- ✓ **Hlýlega og trausta umönnun**, þannig að börnin finni sig örugg í leikskólanum. Í könnun meðal foreldra kom fram að flestir foreldrar (16) eru mjög sáttir við þau vinnubrögð sem notuð eru í uppeldisstarfi leikskólans. Í könnun meðal starfsmanna sögðust margir (6) vera nokkuð sáttir og mjög sáttir (5) við þau vinnubrögð sem notuð eru í uppeldisstarfi leikskólans.
- ✓ **Nám í gegnum leik**. Í leikskóla fer fram formlegt og óformlegt nám og getur það óformlega ekki síður verið mikilvægt. Á vettvangi var matsaðili vitni að óformlegu námi tveggja drengja sem fól í sér, að leika sér að því að finna muninn á að ganga og hlaupa í ullarsokkum og berfættur. Drengirnir klæddu sig í ullarsokka hlupu og renndu sér, klæddu sig síðan úr sokkunum hlupu með „vænni“ spyrnu og hoppuðu, klæddu sig í ullarsokkana... svona gekk þessi leikur nokkra stund.
- ✓ **Að gagnkvæm virðing ríki milli barna og starfsfólks**. Í námskrá leikskólans kemur fram að starfsfólk á að bera virðingu fyrir börnunum í orði og verki. Mikilvægt er að starfsmenn beri virðingu fyrir starfi barnanna svo og því sem þau segja. Eftirfarandi samtal á milli barns og starfsmanns sem matsaðili varð vitni að á vettvangi sýnir dæmi um hversu mikilvægt er að starfsmenn svari börnum ávallt af fullri alvöru. Orð barnsins eru höfð feitletruð.

Lára má ég fara út?

Hvað ætlar þú að gera út?

Leika okkur.

Í myrkrinu?

Nei, viltu gefa okkur vasaljós.

Ha?

Viltu gefa okkur vasaljós?

Vasaljós?

Já.

Á ég ekki bara að gefa ykkur, flóðljós?

Jú.

Ha.

Jú, alveg eins.

Á ég að leyfa ykkur að gera svolítið annað.

- ✓ **Að starfsfólk leggi sig fram við að þekkja sérkenni hvers barns og komi til móts við þarfir þess.** Í könnun meðal foreldra kom fram að nær allir (22) telja að starfsmenn „sjái“ og skilji persónuleika og erfiðleika síns barns.
- ✓ **Að hafa fáar reglur og þeim sé fylgt eftir þannig að börnin viti að hverju þau ganga á hverjum degi.** Í könnun meðal starfsmanna kemur fram að starfsfólk leggur mikið upp úr að börnin læri að fara eftir reglum. Þegar starfsmenn eru beðnir um að segja hvað þeim finnst mikilvægast að börnin læri í leikskólanum nefndu margir (5) „að læra að fara eftir reglum“.
- ✓ **Samvinna við heimilin sé sem best.** Í upphafi hvers leikskólaárs fá foreldrar afrit af ársáætlun leikskólans. Við hver mánaðarmót fá þeir afrit af mánaðarskrá þar sem gerð er grein fyrir starfinu næsta mánuð. Í könnun meðal foreldra kemur fram að nær allir (23) telja sig fá greinargóðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum.
- ✓ **Að börnin læri að vera saman og vinna saman.** Í könnun meðal starfsmanna kemur fram að starfsfólk leggur mikið upp úr samskiptum. Þegar starfsmenn eru beðnir um að segja hvað þeim finnst mikilvægast að börnin læri í leikskólanum nefndu margir (10) „að börnin læri að umgangast önnur börn og bera virðingu fyrir öðrum“. Á vettvangi var matsaðili vitni að eftirfarandi hjálpssemi meðal barnanna. Orð barnanna eru höfð feitletruð.

Lárus sem er yngri en Björn kemur að borðinu þar sem Björn situr og er að vefa.

Lárus: **Ég finn ekki blað.**

Björn: **Á ég að sýna þér blöðin?**

Lárus: **Já.**

Þeir fara saman inn í listaherbergið og Björn nær í blað fyrir Lárus.

Matsaðili varð einnig var við atvik sem ekki sýndi hjálpsemi barnanna gagnvart hverju öðru:

Þrjú börn eru í leik, tveir drengir og ein stúlka: Jón, Bjarni og Hrund. Júlía kemur inn og vill vera með hópnum en henni er vísað frá.

Hrund: **Engin stelpa má vera með.**

Bjarni: **Jú, stelpur má alveg vera með.**

Hrund: **Þú ræður ekki.**

En vinátta og góðvild var ofarlega í huga barnanna þegar þau voru spurð að því hvað þau læra í leikskólanum.

Hvað lærið þið í leikskólanum?

Við lærum að vera góð.

Hvernig gerir maður það?

Bara að leika sér saman og vera stilltur á meðan.

Á vettvangi heyrði matsaðili börnin oft nefna orðið „vinur“. Eftirfarandi setningar voru oft á vörum barnanna.

Ætlar þú að vera vinur minn?

Hún er vinur minn.

Við Jóna erum vinkonur, erum alltaf saman.

- ✓ **Starf með elstu börnunum** - elstu börnunum í leikskólanum er boðið upp á sér stundir þar sem lögð er áhersla á verkefni sem krefjast einbeitingar og samvinnu. Einnig hefur verið unnið með verkefni sem ýta undir áhuga og undirbúning fyrir lestrar- og skriftarnám.

Matsaðili spurði tvö af elstu börnunum hvað þau læri í leikskólanum. Svör barnanna eru höfð feitletruð.

Hvað lærið þið í leikskólanum?

Við erum svo gamlar, við erum orðnar svo stórar að við erum alltaf að gera bækur.

Hvernig bækur?

Svona bækur sem maður málar svona utan á. Ég kann að skrifa nafnið mitt án þess að herma eftir.

Þekkið þið stafina?

Ég þekki R og A, ég get stafað nafnið mitt.

Á hverju vori fara elstu börnin í leikskólanum í heimsókn í grunnskólann.

- ✓ **Starf með yngstu börnunum.** Í starfi með yngstu börnunum er lögð sérstök áhersla á að sinna þörfum hvers einstaklings fyrir sig. Eins og fram hefur komið telja foreldrar og starfsmenn að börnunum sé veitt einstaklingsumhyggja.
- ✓ **Tónlistarstarf.** Að sögn leikskólastjóra hefur formlegt tónlistarverkefni staðið í tvo vetur. Áður var unnið með tónlist en ekki í því formi sem það er nú - ekki eins markvisst. Í verkefninu eru höfð þrjú tímabil yfir árið, sex vikur í senn. Í vetur er þemað; tónlist og hreyfing. Að sögn leikskólastjóranna er öðrum námsþáttum fléttað inn í tónlistarstarfið. Í könnun meðal foreldra kom fram sérstök ánægja með tónlistarstarfið í leikskólanum.

Þegar matsaðili spurði börnin hvað þau læri í leikskólanum, nefndu þau tónlistina. Svör barnanna eru höfð feitletruð.

Hvað lærið þið í leikskólanum?

Við eru í söngstund að læra á hljóðfæri. Klara spilaði á svona „skíðaflautu“.

Klara: Ég var ógeðslega flink að gera það.

Svo förum við stundum í Dimmalim og Vindum vindum vefjumband.

- ✓ **Hópastarf** er einu sinni í viku, börnin vinna í fámennum hópum (5-7 börn) að ákveðnu verkefni/þema. Sömu börn og sami starfsmaður vinna saman í hópastarfi allan veturinn. Í hópastarfi er námsþáttum leikskólans fléttað saman.
- ✓ **Leikfimi.** Hvert barn fer einu sinni í viku í leikfimi þar eru lögð fyrir hreyfiverkefni og æfingar sem hæfa aldri og þroska hvers barns. Einnig er útivera nýtt fyrir hreyfingu.
- ✓ **Frjáls leikur.** Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin fái nægan og samfelldan tíma í frjálsan leik. Á vettvangi var matsaðili vitni að því hvernig starfsmaður ýtti undir hlutverkaleik. Orð starfsmannsins eru höfð feitletruð.

Þegar matsaðili kemur inn í leikherbergið er mikill erill þar, börn í eltingaleik sem virðist vera

marklaus. Skömmu síðar kemur starfsmaður inn, horfir á borð og spegil sem er í herberginu og segir hátt: **Nei, hvað þetta er flott snyrtistofa, hvað heitir hún?**

Eitt barn svarar: Hárprýði.

Hárprýði? Heitir hún hárgreiðslustofan

Hárprýði?

Þessi orð starfsmannsins gera að verkum að börnin hætta hlaupunum, nokkur byrja í hlutverkaleik í „hárgreiðslustofunni“. Önnur ná í spil og biðja starfsmanninn að spila við sig sem hann og gerir.

6. Samskipti innan leikskólans

Formleg samskipti innan leikskólans:

Starfsmannafundir eru haldnir um það bil á 4-6 vikna fresti frá kl. 17.30-20.30. Þar fer fram umræða um uppeldisstarf leikskólans, leikskólastjóri miðlar upplýsingum o.fl.

Deildarfundir eru aðra hvora viku í eina klst í senn. Þessir fundir eru haldnir á opnunartíma leikskólans. Samkvæmt námskrá leikskólans er dagskrá deildarfunda eftirfarandi: Mat á uppeldisstarfi síðustu tveggja vikna - Skipulag næstu tveggja vikna - Önnur mál. Á þessum fundum fer fram nánari umræða um uppeldisstarfið. Rætt er um hvert einstakt barn, líðan þess og hvernig best er að koma á móts við þarfir þess. Deildarstjóri miðlar upplýsingum til starfsmanna, starfsaðferðir ræddar og samræmdar o.fl.

Leikskólakennarafundir - hafa ekki verið haldnir reglulega í leikskólanum. Að jafnaði hafa tveir skipulagsdagar verið haldnir á ári. Starfsmenn hafa getað sótt að jafnaði eitt námskeið á ári. Einn leikskólakennari er í 50% leyfi á launum til að stunda, viðbótarnám fyrir leikskólakennara til B.Ed.-gráðu hjá Háskólanum á Akureyri.

Samráðsfundir eru samkvæmt námskrá leikskólans haldnir um það bil einu sinni í mánuði, á þeim fundum ræða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri um stjórnun leikskólans. Þar sem nú eru tveir leikskólastjórar starfandi í fjarveru leikskólastjóra, halda þeir nú fleiri óformlega fundi en ella meðal annars vegna stjórnunarmála leikskólans.

Í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1993) stendur: „Mikilvægt er að athuga og meta hvernig áætlanir hafa reynst í

framkvæmd, hvort þeim hafi verið framfylgt og hvort þær hafi verkað sem þvingun eða veitt stuðning, uppörvun og ánægju. “

Samkvæmt niðurstöðum könnunar meðal starfsmanna kom fram að gert er mat á starfinu á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Gerðar eru færnisathuganir á börnunum. Einnig kom fram að starfsfólk leikskólans er að vinna sameiginlega að samskiptaverkefni - sem í felst sjálfsgagnrýni og mat á því hvort að það sem sagt er að sé gert - sé gert.

Þegar starfsfólk er beðið að skrifa niður veikustu hliðar í starfi leikskólans eru nokkur atriði oftast nefnd:

- ✓ Fjöldi ófaglærðs- og reynslulítills starfsfólks.
- ✓ Ör mannaskipti.
- ✓ Tímaleysi fyrir uppeldislegan undirbúning/umræður og einstaklings umönnun.
- ✓ Stjórnun leikskólans síðastliðið ár.

7. Samskipti og samstarf við umhverfi leikskólans

Í V. kafla, 14. gr. laga um leikskóla segir: „*Leikskólastjóra er skylt að stuðla að samstarfi milli foreldra barnanna og starfsfólks leikskólans með velferð barnanna að markmiði. Sé óskað eftir stofnun foreldrafélags skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun þess.*”

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann, foreldrar ganga sjálfkrafa í það þegar barn þeirra hefur leikskólagöngu. Í stjórn félagsins sitja foreldrar fjögurra barna og einn fulltrúi starfsmanna.

Við upphaf leikskólagöngu hvers barns á viðkomandi leikskólakennari samtal við foreldra þess. Þegar barnið hefur verið í þrjá mánuði er stutt foreldrasamtal á ný um aðlögun barnsins. Einnig er boðið upp á foreldrasamtöl einu sinni á ári og foreldrar geta óskað eftir því sjálfir á öðrum tíma með fyrirvara.

Í upphafi hvers leikskólaárs fá foreldrar ársáætlun leikskólans. Við hver mánaðarmót er mánaðaskrá afhent foreldrum þar sem gerð er grein fyrir því helsta sem verður á döfinni þann mánuð, til dæmis hvaða afmæli verða, tyllidagar, leikfimi o.frv.

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni til tvisvar á ári. Að sögn leikskólastjóra hefur verið reynt að hafa foreldrafundina svolítið lifandi,

t.d. hefur verið farið í leiki, meðal annars til að létta aðeins á andrúmsloftinu, unnin verkefni o.frv. Hefur þetta reynst vel að sögn leikskólastjóra.

Leikskólinn sendir út fréttabréf 2-3 sinnum á ári. Upplýsingar um helstu viðburði dagsins eru skráðar á töflu á hverri deild fyrir sig. Einnig miðla starfsmenn beint til foreldra þegar barn kemur eða er sótt.

8. Viðhorf foreldra til leikskólastarfsins

Samkvæmt könnun meðal foreldra eru þeir mjög ánægðir (11) eða ánægðir (13) með það sem barn þeirra lærir í leikskólanum. Þeir telja að nægur tími sé gefinn til skipulagsstarfs (20), frjáls leiks (23) og útiveru (20). Foreldrar eru samkvæmt könnuninni mjög ánægðir (14) eða ánægðir (10) með samskipti sín við starfsmenn leikskólans.

Flestir (21) foreldranna telja sig fá greinargóðar upplýsingar um það hvernig barni þeirra líður í leikskólanum. Nær allir (23) foreldranna telja sig fá greinargóðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum.

Samkvæmt könnuninni telja foreldrar veikustu hliðar leikskólastarfsins vera: Tíð mannskipti. Lítið húsnæði. Fáir starfsmenn.

9. Umbætur

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að starfsfólk leikskólans er að vinna samskiptaverkefni - sem á að stuðla að sjálfsgagnrýni - sjálfsskoðun - athugun á hvort starfið er í samræmi við markmið leikskólans. Hér er leikskólastjórunum gefið orðið.

Við byrjuðum að taka upp úr námskránni okkar það sem er þar. Eins og samskipti við börnin og síðan tókum við það á deildarfundi og þær (starfsmenn) komu svo með punkta ... Finna út hvað af þessu getum við hugsað okkur að nota daglega og hvað af þessu vikulega og hvað eitthvað sjaldnar, þannig að við erum að vinna þetta núna og fundum strax og við byrjuðum á þessu að það kom annað andrúmsloft í húsið bara við það að hreyfa við þessu. Þetta er strax farið að bera árangur

Niðurstöður

Aðstaða í leikskólanum

Húsnæði

- ✓ Rými húsnæðis er innan þeirra marka sem reglugerð segir til um.
- ✓ Ágæt aðstaða er á deildum.

Eftirfarandi atriði þarf að skoða sérstaklega og lagfæra:

- ✓ Vinnuaðstaða starfsmanna er óviðunandi.
- ✓ Þurrkaðstaða í fataherbergi er slæm.
- ✓ Geymsluaðstöðu þarf að bæta inni á deildum.
- ✓ Vinnuaðstaða í eldhúsi er ófullnægjandi: Lítið vinnurými, lítil matvælageymsla, engin köld geymsla, skortur á tækjabúnaði.
- ✓ Vinnuaðstöðu vantar fyrir starfsmenn sem vinna með fötluðum börnum, sbr. 3. gr. reglugerðar.

Útileiksvæði

- ✓ Leiksvæði fyrir börnin úti er rúmt og gefur marga möguleika til leikja.

Leikföng

- ✓ Leikfangakostur er viðunandi en efniviður mætti vera fjölbreyttari og aðgengilegri fyrir börnin.

Starfsfólk

- ✓ Leikskólinn hefur sett fram skýrar áætlanir í samræmi við lög og uppeldisáætlun.
- ✓ Leikskólinn uppfyllir lagaákvæði um fjölda starfsmanna fyrir hvert barn.
- ✓ Skortur er á leikskólakennurum.
- ✓ Örar starfsmannabreytingar hafa átt sér stað.
- ✓ Fáir starfsmenn eru í 100% starfi.

Stjórnun leikskólans

- ✓ Í könnun meðal starfsmanna svo og í viðtali við starfandi leikskólastjóra kom fram að styrkja þarf stjórnun leikskólans. Leikskólastjórinn var í barneignarleyfi á meðan þetta mat fór fram.

Eftirfarandi atriði brjóta gegn lögum og reglugerðum:

- ✓ Enginn leikskólafulltrúi er starfandi.

- ✓ Enginn leikskólaráðgjafi er starfandi.
- ✓ Samstarf leikskóla og grunnskóla er lítið.

Námsþættir í leikskólastarfinu

- ✓ Námskrá leikskólans er skýr og aðgengileg en mætti styrkja með hugmyndafræðilegum stoðum.
- ✓ Námsþáttum er fléttað saman og unnið er með ákveðin þemu.
- ✓ Í leikskólanum er lögð áhersla á tónlistarstarf og samskipti.
- ✓ Í leikskólastarfinu birtist staðblær, til dæmis með vetrarleikunum.

Samskipti innan leikskólans

- ✓ Formlegir fundir eru haldnir.
- ✓ Verið er að vinna að samskiptaverkefni meðal starfsfólks leikskólans.

Samskipti og samstarf við umhverfi leikskólans

- ✓ Samstarf starfsfólks leikskólans við foreldra er til fyrirmyndar.

Viðhorf foreldra

- ✓ Foreldrar eru ánægðir með þá umhyggju sem börnum þeirra er veitt í leikskólanum og hvað þau læra þar.
- ✓ Foreldrar telja veikustu hlið leikskólastarfsins vera: Tíð mannaskipti. Lítið húsnæði. Fátt starfsfólk.

Umbætur

- ✓ Starfsfólk leikskólans er að vinna að samskiptaverkefni sem á að stuðla að sjálfgagnrýni og sjálfsskoðun.

Heimildir

Dahlberg Gunilla, Lundgren Ulf og Åsén Gunnar. 1995. *Att utvärdera barnomsorg*. Stokkhólmur, HLS Förlag.

Guðbjörg Vésteinsdóttir. 1997. *Leikskólinn Krílakot námskrá*. Dalvík.

Lög um leikskóla nr. 78/1994.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

Taguchi, Hillevi, L. 1997. *Varför pedagogisk dokumentation?*
Stokkhólmur, HLS Förlag.

Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir. 1993. Reykjavík,
Menntamálaráðuneytið.

Könnun meðal starfsfólks í leikskólanum Krílakot

Ágæti starfsmaður. Svör við þessum spurningum veita meðal annars upplýsingar um mat þitt á leikskólanum. Þitt mat er mjög mikilvægt og óska ég þess að þú sjáir þér fært að svara spurningunum.

Merktu X í þá sviga sem þú telur eiga við.

1. Starf við leikskólann:

- 1() **Leikskólakennari**
2() **Leiðbeinandi**
3() **Annað starf á Krílakoti**

2. Hef starfað á Krílakoti:

- 1() **0 - 1 ár**
2() **2 ár**
3() **3 - 5 ár**
4() **6 - 10 ár**
5() **Meira en 10 ár**

3. Hvað finnst þér mikilvægast að börnin læri í leikskólanum?

Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð, 1. fyrir það sem er finnst mikilvægast.

4. Hvað telur þú að börnin á deildinni sem þú starfar á, læri í leikskólanum?

Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð, 1. fyrir það sem er finnst mikilvægast.

5. Ert þú ánægð/ur með það sem börnin hafa lært í leikskólanum þegar þau útskrifast þaðan?

- 1() Mjög ánægð/ur 2() Ánægð/ur 3() Veit ekki 4() Óánægð/ur 5()
Mjög óánægð/ur

6. **Hvernig finnst þér samskiptin vera á milli barnanna á deildinni?**
1() Mjög góð 2() Góð 3() Veit ekki 4() Slæm 5() Mjög slæm
7. **Hvernig finnst þér samskiptin vera á milli starfsmanna á deildinni?**
1() Mjög góð 2() Góð 3() Veit ekki 4() Slæm 5() Mjög slæm
8. **Hvernig eru þín samskipti við starfsfólk á deildinni?**
1() Mjög góð 2() Góð 3() Veit ekki 4() Slæm 5() Mjög slæm
9. **Hvernig finnst þér samskiptin vera á milli starfsmanna og barna á deildinni?**
1() Mjög góð 2() Góð 3() Veit ekki 4() Slæm 5() Mjög slæm
10. **Hvernig eru þín samskipti við börnin á deildinni?**
1() Mjög góð 2() Góð 3() Veit ekki 4() Slæm 5() Mjög slæm
11. **Hversu sátt/ur ert þú við dvalartíma barnanna á deildinni?**
1() Mjög sátt/ur 2() Nokkuð sátt/ur 3() Skiptir ekki máli 4() Fremur ósátt/ur
5() Mjög ósátt/ur
12. **Hversu sátt/ur ert þú við það fyrirkomulag sem er á vinnutíma starfsfólks á deildinni?**
1() Mjög sátt/ur 2() Nokkuð sátt/ur 3() Skiptir ekki máli 4() Fremur ósátt/ur
5() Mjög ósátt/ur
13. **Hversu oft skoðar/metur starfsfólk deildarinnar hvernig til tókst í uppeldisstarfi?**
1() Mjög oft 2() Oft 3() Í einstökum tilvikum 4() Sjaldan 5() Aldrei
14. **Hvernig er uppeldisstarfið skoðað/metið?**
Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð, 1. fyrir það sem er finnst algengast.

15. Hversu oft leitar þú aðstoðar/ráða hjá samstarfsfólki þínu þegar eitthvað þjatar á í starfi?

1() Mjög oft 2() Oft 3() Í einstökum tilvikum 4() Sjaldan 5()

Aldrei

16. Ert þú sátt/ur við þau vinnubrögð sem þú beitir í uppeldisstarfinu?

1() Mjög sátt/ur 2() Nokkuð sátt/ur 3() Veit ekki 4() Fremur ósátt/ur 5()

Mjög ósátt/ur

17. Hversu vel tekst þér og samstarfsfólki þínu á deildinni að framkvæma það sem er skipulagt?

1() Mjög vel 2() Vel 3() Sæmilega 4() Illa 5() Mjög illa

18. Ert þú ánægð/ur með núverandi skipulag á þinni deild?

1() Mjög ánægð/ur 2() Ánægð/ur 3() Veit ekki 4() Óánægð/ur 5()

Mjög óánægð/ur

19. Hvernig skipuleggur deildarstjóri starfið á deildinni?

- 1() Hann skipuleggur alfarið einn
- 2() Hann leitar stundum ráða
- 3() Óformlega í samvinnu við starfsfólk
- 4() Allir hittast og skipuleggja saman
- 5() Það er ekkert skipulag

20. Hverjar finnst þér vera veikustu hliðar leikskólastarfsins?

Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð, 1. fyrir það sem ér finnst mikilvægast.

21. Hvernig telur þú vinnuaðstöðuna vera?

1() Mjög góð 2() Góð 3() Sæmileg 4() Slæm 5() Mjög slæm

Athugasemdir:

22. Hversu góð er stjórnun leikskólans að þínu mati?

- 1() Mjög góð 2() Nokkuð góð 3() Viðunnandi 4() Fremur slæm
5() Mjög slæm

23. Hvernig finnst þér upplýsingastreymi innan leikskólans vera?

- 1() Mjög gott 2() Nokkuð gott 3() Viðunnandi 4() Fremur slæmt
5() Mjög slæmt

24. Hvernig skynjar þú almennt andrúmsloftið í starfsmannahópnum?

- 1() Mjög gott 2() Nokkuð gott 3() Viðunnandi 4() Fremur slæmt
5() Mjög slæmt

25. Hvaða sérstaða finnst þér í uppeldisstarfinu á Krílakoti, miðað við aðra leikskóla?

Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð, 1. fyrir það sem ér finnst mikilvægast.

26. Hvernig telur þú lóð leikskólans vera?

- 1() Mjög góða 2() Nokkuð góða 3() Viðunnandi 4() Fremur slæma 5()
Mjög slæma

27. Hversu mikið samræmi finnst þér vera í uppeldisstarfinu á milli deilda í leikskólanum?

- 1() Mikið 2() Nokkuð 3() Í einstökum málum 4() Lítið 5() Nær ekkert

28. Hversu ánægð/ur ert þú með vinnuaðstöðu starfsmanna í leikskólanum?

- 1() Mjög ánægð/ur 2() Ánægð/ur 3() Veit ekki 4() Óánægð/ur 5() Mjög
óánægð/ur

29. Hversu ánægð/ur ert þú með samstarf starfsfólks við foreldra?

- 1() Mjög ánægð/ur 2() Ánægð/ur 3() Veit ekki 4() Óánægð/ur 5() Mjög
óánægð/ur

30. Hversu ánægð/ur ert þú með kennslubúnað, tæki og gögn í leikskólanum?

1() Mjög ánægð/ur 2() Ánægð/ur 3() Veit ekki 4() Óánægð/ur 5() Mjög óánægð/ur

Hvað finnst þér vanta:

31. Hversu oft flettir þú upp í námsskrá Krílakots?

1() 0-2 sinnum í mánuði 2() 3-5 sinnum í mán. 3() 6-8 sinnum í mán. 4() Oftar en 9 sinnum í mán.

32. Hversu vel telur þú þig þekkja innihald námsskráar Krílakots?

1() Mjög vel 2() Nokkuð vel 3() Svipað og aðrir 4() Nokkuð illa 5() Mjög illa

33. Hversu oft hefur leikskólastjóri rætt formlega/einslega við þig um starfið þitt?

1() Aldrei 2() 1 sinni á ári 3() 2 sinnum á ári 4() Oftar en 3 sinnum á ári

34. Finnst þér nægur tími gefin til:

Skipulags starfs Já() Nei()

Frjáls leiks Já() Nei()

Útiveru Já() Nei()

35. Sýnist þér að barnahópurinn sé í jafnvægi?

Já() Nei()

36. Ríkir traust og umhyggja á milli barna og starfsmanna?

Já() Nei()

37. Finnst þér að starfsmenn „sjái“ og skilji persónuleika og erfiðleika hvers barns?

Já() Nei()

38. Telur þú þig hafa gefið foreldrum greinagóðar upplýsingar um það hvernig barninu þeirra líður?

Já() Nei()

Hvernig?

39. Telur þú þig hafa gefið foreldrum greinagóðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum?

Já () Nei ()

Hvernig?

Annað:

Þakka þér kærlega fyrir að svara spurningunum

Guðrún Alda Harðardóttir

Könnun meðal foreldra í leikskólanum Krílakoti

Kæru foreldrar. Ár hvert fer fram mat á einum leikskóla á vegum menntamálaráðuneytis. Í ár varð leikskólinn Krílakot fyrir valinu. Undirrituð hefur tekið að sér að framkvæma matið.

Könnun þessi er lögð fyrir foreldra allra barna leikskólans. Svör við þessum spurningum veita meðal annars upplýsingar um mat foreldra á leikskólanum. Ykkar mat er mjög mikilvægt og óska ég þess að þið sjáið ykkur fært að svara spurningunum.

Merkið X í þá sviga sem þið teljið eiga við.

40. **Hversu ánægð eru þið með það sem barnið ykkar lærir í leikskólanum?**
1() Mjög ánægð 2() Ánægð 3() Veit ekki 4() Óánægð 5() Mjög óánægð
41. **Hversu sátt eru þið við þau vinnubrögð sem notuð eru í uppeldisstarfinu?**
1() Mjög sátt 2() Nokkuð sátt 3() Veit ekki 4() Fremur ósátt 5() Mjög ósátt
42. **Hversu vel teljið þið ykkur þekkja innihald námsskráar Krílakots?**
1() Mjög vel 2() Nokkuð vel 3() Nokkuð illa 5() Mjög illa
43. **Finnst ykkur nægur tími gefin til:**
Skipulags starfs Já () Nei ()
Frjáls leiks Já () Nei ()
Útiveru Já () Nei ()
44. **Hverjar finnst ykkur vera veikustu hliðar leikskólastarfsins?**
Nefndu 1-3 atriði í forgangsröð.
-
-
-
-

45. **Hvernig teljið þið lóð leikskólans vera?**
1() Mjög góða 2() Nokkuð góða 3() Viðunandi 4() Fremur slæma 5() Mjög slæma
46. **Hvernig finnst ykkur húsnæði leikskólans vera?**
1() Mjög gott 2() Nokkuð gott 3() Viðunandi 4() Fremur slæmt 5() Mjög slæmt
47. **Hversu ánægð eru þið með samskipti ykkar við starfsmenn leikskólans?**
1() Mjög ánægð 2() Ánægð 3() Veit ekki 4() Óánægð 5() Mjög óánægð
48. **Finnst ykkur að starfsmenn „sjái“ og skilji persónuleika og erfiðleika ykkar barns?**
Já () Nei ()

49. Teljið þið ykkur fá greinagóðar upplýsingar um það hvernig barninu ykkar líður í leikskólanum?

Já () Nei ()

Hvernig?

50. Teljið þið ykkur fá greinagóðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum?

Já () Nei ()

Hvernig?

Annað:

Þakka ykkur kærlega fyrir að svara spurningunum

Guðrún Alda Harðardóttir